

Fundargerð 10. fundar í Þróunarfélagi Keflavíkurflugvallar 23. mars 2007 kl. 13:00 í Kringlunni, Reykjavík.

1. Fundargerð síðasta stjórnarfundar
Fundargerð síðasta stjórnarfundar var borin upp og var hún samþykkt af viðstöddum stjórnarmönnum.
2. Staða háskólaþróunar
Stjórnin er sammála um að hugmyndin um rekstur alþjóðlegs háskóla á Keflavíkurflugvelli sé góð og falli að heildarhugmyndafræði um uppbyggingu á svæðinu. En sá hluti sem snýr að rekstri húsnæðis fyrir háskólastarfsemina sé hins vegar aðskilið mál sem útfæra megi á mismunandi vegu. Svæðið mun verða auglýst og kallað eftir hugmyndum aðila um rekstur og þróun í samræmi við hugmyndir um nýtingu.
3. Sala eigna – Auglýsing og tilboð
Fyrstu eignirnar hafa verið auglýstar. Stjórnin mun yfirfara og meta þau tilboð sem berast.
4. Erindi frá Umferðarstofu
Stjórnin gaf heimild til að ræða við Umferðastofu um að gera prufu á því að koma hér upp æfingarakstri í samræmi við innsent erindi, í eitt skipti og kanna svo með áframhald eftir það.
5. Úttekt Neytendastofu
Stjórnin leggur áherslu á samstarf við Neytendastofu um umbreytingu svæðisins. Stjórnin fagnar áhuga Neytendastofu með það að veita umþóttunartíma sem nýtist til að koma megi starfsemi í gang á svæðinu og taka húsnæðið í notkun.
6. Erindi frá Veraldarvinum.
Stjórnin tók jákvætt í erindið og leggur til að skoða það nánar.
7. Samkeppnisgreining PWC
Stjórnin samþykkti áframhaldandi aðild sína að verkefninu í samstarfi við aðra.
8. Ársreikningur f. 2006
Stjórnin gerir ekki athugasemdir við drög ársreiknings.
9. Önnur mál
Farið var yfir nokkur erindi en ekki var tekin formleg afstaða til þeirra.

Fleira var ekki gert og fundi slitið.